

## ERINDI TIL BÆJARRÁÐS ÁRBORGAR

### 1. Almennt um fyrirkomulag nokkurra bæjarfélaga hvað varðar bæjarlistamenn.

Í Akureyrarbæ gilda reglur um starfslaun listamanna í formi mánaðarlegra launagreiðslna eða verktakagreiðslna. Algengast hafa starfslaun til listamanns verið til 6-9 mánaða, og til níu mánaða síðustu tvö ár.

Flest minni sveitarfélögin, en einnig þau stærri (Akranes, Grindavík, Seltjarnarnes og Garðabær) leitast við að útnefna bæjarlistamann árlega. Útnefningunni fylgir peningastyrkur, gjarnan að fjárhæð 500.000 krónur, stundum heldur minni eða allnokkru meiri. Styrkurinn er í flestum tilfellum hugsaður sem viðurkenning fyrir framlag listamannsins og athyglisverð störf hans að list sinni. Þessum útnefningum tengist gjarnan að listamaðurinn komi fram, a.m.k. einu sinni og sýni eða flytji verk sín. Hann er ýmist útnefndur á bæjarhátíð eða á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Engar frekari kvaðir fylgja styrk eða útnefningu.

Reykjavíkurborg hafði lengi þann háttinn á að útnefna borgarlistamann til eins árs í senn. Því fylgdu starfslaun, yfirleitt til eins árs, en stundum til tveggja ára. Miðað var við listamannalaun menntamálaráðuneytis, sem myndu vera ígildi um 350.000 kr. á mánuði ef miðað er við næstu 12 mánuði. Engar sérstakar kvaðir fylgdu þessum launum. Síðar, og undanfarin ár, hefur borgin reitt fram styrk til borgarlistamanns, á bilinu eina til hálfra aðra milljón það árið sem hann er útnefndur.

### 2. Sérstakt fyrirhugað framlag Björns til Árborgar

Í mínu tilfelli, vil ég sjá þetta með öðru móti. Ég hef áhuga á og hugmyndir um að koma list minni og myndasmíði á framfæri á skapandi hátt. Markmiðið er annars vegar að fræða og upplýsa, en hins vegar að gleða áhorfendur með ljósmyndum mínum og myndverkum. Þetta hyggst ég gera á skipulegan hátt með heimsóknnum í skóla, á spítala og elliheimili. Ég hugsa mér að hver hópur áhorfenda fyrir sig verði aðnjótandi tveggja myndasýninga með myndvarpa yfir tímabilið. Nokkrir mánuðir eða lengri tími verði á milli sýninga. Þema sýninganna verði sniðið að aldri og þroska áhorfendanna. Yngstu aldurshóparnir fái góða sýningu um helstu fyrirbærin í náttúrunni í fyrri sýningu, en nærumhverfi sitt og náttúruvernd í þeirri seinni. Þetta verði svipað fyrir grunnskólanemendur, en í fyrri sýningunni verði auk þess sýnt hvernig náttúran geti verið uppspretta listsköpunar. Fyrir eldri hópa samfélagsins verði í síðari sýningunni lögð sérstök áhersla á áttthaga á Suðurlandi og myndir af byggðakjörnum fyrr og nú, Selfoss, Eyrarbakki og Stokkseyri á tímabilinu frá því upp úr 1970 og fram til dagsins í dag. Ýmist eru þetta myndir á landi eða úr lofti, og þá gjarnan horft vítt yfir.

Miðað er við tíu skóla í Árborg, fjóra grunnskólar og sex leikskóla. Ef gert er ráð fyrir að nemendum hvers skóla sé að jafnaði skipt í þrjá hópa og að um tvær aðskildar dagskrár sé að ræða, verða skólaheimsóknir 60 yfir tímabilið. Þetta er hugmynd, en raunhæfa útfærslu þarf að vinna með skólastjórnendum. Vera kann að útfærsluna megi einfalda.

Heimsóknir á spítala og elliheimili gætu verið t.d. 12 alls. Þessi tala er þó sett fram að óathuguðu máli, en í framkvæmd miðað við að engin stofnun verði skilin útundan. Í þessum heimsóknnum er einnig ætlunin að kynna náttúruna og umhverfið og hvernig sá efniviður nýtist til listsköpunar. Hins vegar er ætlunin fyrir þessa hópa, sérstaklega eldri borgara, að sýna þeim bæina í Árborg og sveitir á Suðurlandi, bæði bæjarkjarna og staði fyrr og nú, allt frá því um 1970. Tími sem fer í þessar heimsóknir, aðfaratími og fyrirlestrartími, gæti numið um 100 - 150 klukkustundum. Ég get mér þess til að til viðbótar fari hálfur mánuður til þrjár vikur fari í efnisöflun og vinnu við að setja saman þessa mismunandi fyrirlestra.

<b>ÁRBORG</b>	
Bmr: 05:00	Mótt: 5/10 '78
Abm: A. Stef.	Mnr: 1510037

Fyrirlestrarnir gætu farið fram á tímabilinu síðla í október 2015 og út marsmánuð á næsta ári. En eftir atvikum að auki í september og október að ári.

### 3. Starfslaun listamanns

Hugmynd mín er sú að starfslaun séu greidd listamanni fyrir tímabilið október 2015 til mars 2016 auk september og október 2016. Samtals er þetta átta mánaða tímabil í tveimur hlutum. Ósk mín er sú að listamaðurinn sé á starfslaunum í sex mánuði, þrjá á þessu ári og þrjá á því næsta. Í tilfalli undirritaðs og með sérstöku tilliti til fyrirhugaðs framlags, er lögð fram ósk um 450.000 kr. laun í sex mánuði (sem allt eins geti verið greiðsla til verktaka), en þetta samsvarar 337.000 krónum á mánuði yfir átta mánaða tímabil. Í þessum starfslaunum fælist mikill styrkur og hvatning til Björns um að ná frekari árangri með list sinni. Sérstaða ljósmynda hans er að verkin eru fígúratíf, líkt og þau séu málverk af fyrirbærum sem eigi að túlka eitthvað sérstakt, svo sem atburð, fígúru eða sköpun. Sýn af einhverju sem hægt er að gefa nafn eða titil. Mjög erfitt og tímafrekt er að leiða fram slíka hluti í náttúruljósmyndun, en árangur byggist á þrotlausri leit. Björn hefur og er að vekja sérstaka athygli og áhuga áhrifamanna erlendis í myndlist á þessari sérstöðu verka hans. Þessi viðleitni mun mjög sennilega skila árangri í sýningarhaldi í útlöndum.

Með starfslaunum er ekki síður hugsunin sú, að Björn geti helgað sig list sinni í frekari mæli og unnið ósleitilega að undirbúningi stórra sýninga í listasöfnum á erlendri grundu. Undirbúningur er hafinn að mögulegri sýningu í Bandarfkjunum á árinu 2017.

### 4. Útnefning Árborgar á bæjarlistamanni.

Vegna smæðar sveitarfélagsins er ekki sjálfgefið eða þess vegna e.t.v. ekki nauðsynlegt að útnefna bæjarlistamann á hverju ári. Ef til vill má frekar gera þetta með einhverra ára millibili, og byggja fremur á því hvort ástæður gefi tilefni til útnefningar. Þess vegna má kannski sýna meiri stórhug þau árin sem þetta er gert. Starfslaun fremur en styrkur geta verið mjög mikilvæg listamanni, sérstaklega þegar og ef hann hefur ekki að reglulegu starfi að hverfa.

Með vinsemd og virðingu,



Björn Ruriksson

Jaðri 5 - 800 Selfossi, 5. október 2015

Gögn sem fylgja þessu erindi:

1. Ferilskrá Björns á sviði lista, menningar og kennslu.
2. Yfirlit yfir einkasýningar Björns.
3. Frétt í Dagskránni um nýjustu sýningu Björns í Helliðarvirkjun, en hún hefur verið framlengd ótímabundið.
4. "Aldan", eitt myndlistarverka Björns.
5. Akranes. Reglur um starfsstyrk bæjarlistamanns.
6. Akureyri. Samþykkt (og framkvæmd) um starfslaun listamanna.
7. Garðabær. Reglur um styrk til bæjarlistamanns.
8. Reykjavík. Reglur um útnefningu borgarlistamanns.

Björn Rúriksson hefur haldið einkasýningar á myndverkum sínum, m.a. í þessum söfnum:

**2015 Helliðshelðarvirkjun í boði Orkusýnar.**

**2013 Sýning í Bókasafni Árborgar á Selfossi.**

**2002 Swarovsky's Crystal World Museum, Wattens, Austurríki. Sýningin varð í hálf ári og gestir urðu hálf milljón.**

1988 Shouni listasafnið í Tokyo, sýningin var opnuð af frú Vigdísí Finnbogadóttur, þáverandi forseta Íslands.

1987 Listaverkasafn Scandinavian Airlines í Stokkhólm.

**1985 Lincoln Center. Margmiðlunarsýning listljósmynda Björns við tónlist Jean Sibelius á opunar hátíð "Scandinavia Today" í New York 30. september. American Scandinavian Foundation og listamenn í New York unnu sýninguna úr efni frá Birni.**

1985 American Scandinavian Foundation in New York. Einkasýning Björns "Merging" var eftir þetta sýnd víða í Bandaríkjunum út árið 1986, m.a. í Washington DC, Chicago, Atlanta, Minneapolis, Los Angeles, St. Louis, Miami og fleiri borgum.

1983 Sicof í Milánó á Ítalíu, samsýning tíu myndlistarmanna, Francesco Cossiga forseti Ítalíu bauð til sýningarinnar. Sýningin var opnuð af forsetum Íslands (Frú Vigdísí Finnbogadóttur) og Ítalíu (Francesco Cossiga).

1983 The Royal Geographical Society í London (Margmiðlunarsýning og ljósmyndasýning).

1982 Woodside/Braseth Gallery, Seattle, sýningin opnuð af senator Henry M. Jackson, þáverandi forseta þingmanna Demókrata á Bandaríska þinginu.

1982 Meridian House in Washington DC.

**1981 Museum of Modern Art, New York (boð um að sýna).**

**1981 Kjarvalsstaðir í Reykjavík, einkasýning í austursal í apríl og maí.**

1981 Newark Art Museum í New Jersey.

1980 Harvard Law School, Cambridge Massachusetts. Sýningin var opnuð af James K. Penfield þáverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

1980 Nikon House, Rockefeller Center í New York.

Björn hefur alls haldið 33 einkasýningar (og átt verk á tveimur samsýningum) á verkum sínum í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Austurríki, Noregi (samsýning), Svíþjóð, Ítalíu (samsýning), Sviss, Japan og á Íslandi.